

Þjónustumiðstöð Breiðholts, kt. 530269-7609, Álfabakka 12 í Reykjavík, og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB), kt. 490486-3999, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G

um aðstöðu og félagsstarf eldri borgara í Árskógum 4

1. grein

Þjónusta sem samið er um

Í samningi þessum felst að FEB tekur að sér að annast félagsstarf í félagsmiðstöðinni Árskógum, húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. Með því er tryggð aðstaða fyrir starfsemi FEB til félagsstarfs og annarrar umsýslu.

Félagsstarfið er fyrir alla sem hafa áhuga á að vera innan um og eiga samneyti við aðra. Aðgengi er að opnum rýmum og húsnæði er lánað til ýmis konar námskeiða, hópa- og klúbbstarfs á vegum einstaklinga og félagasamtaka.

Markmið félagsstarfsins er:

- Að þátttakendur taki meiri þátt í mótun og framþróun starfsins, sem er m.a. liður í því að rækta mannauðinn og auka virkni og valfrelsi þátttakenda í félagsstarfi.
- Aukin áhersla á sjálfstýrt og sjálfbært félagsstarf.
- Að íþróttaiðkun og hvers konar líkamsþjálfun verði ríkur þáttur starfsins.
- Að fræðsla verði eflað í samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki.
- Að rækta félagsauð samfélagsins með auknum áherslum á samveru fólks á öllum aldri og fjölbreytileika mannlífsins.
- Fjölbreytilegt, opið og aðgengilegt starf sem stuðlar að auknu samstarf milli stofnana og aðila.
- Að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

2. grein

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Í verkefnum þeim sem FEB tekur að sér samkvæmt samningi ber honum að fara eftir þeim grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006.

3. gr.

Framlög samningsaðila

Velferðarsvið leggur til húsnæði fyrir félagsmiðstöðina að Árskógum, Reykjavík og greiðir allan tilfallandi rekstrarkostnað svo sem ræstingu, rafmagn og hita. Auk þess að leggja til þau húsgögn og þann búnað sem fyrir er.


8. grein

Samningur þessi gildir frá 9. maí 2016 til 30. apríl 2019 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar samningsins skulu hafa tekið ákvörðun um framhald verkefnisins fyrir 1. febrúar 2017. Á samningstímanum verði tekin afstaða til endurskoðunar samnings fyrir 1. september 2016 og 1. janúar 2017.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík 9. maí 2016


f.h. Reykjavíkurborgar



Óskar Dýrmundur Ólafsson
hverfisstjóri Breiðholts



f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík



Þórunn Sveinbjörnsdóttir
formaður FEB

